

# KIRKJUGARÐARÁÐ

127. fundur haldinn 9. nóvember 2015

í fundarsal Biskupsstofu.

---

**Mætt voru:** Mætt voru Ragnhildur Benediktsdóttir, Smári Sigurðsson, Þórsteinn Ragnarsson, Valtýr Valtýsson, Guðmundur Rafn Sigurðsson, Sigurgeir Skúlason og Kristín Huld Sigurðardóttir sem skrifaði fundargerð.

**1. Setning fundar og fundargerð síðasta fundar**

Fundur settur kl. 13:20 og fundargerð síðasta fundar lögð fram. Engar athugasemdir voru gerðar við fundargerðina.

**2. Fundur á Kirkjuþingi um málefni kirkjugarða**

Á síðasta Kirkjuþingi kynnti Þórsteinn Ragnarsson málefni kirkjugarða á fundi sem var haldinn utan dagskrár, að beiðni forseta þingsins.

**3. Fjáraukalög 2015 – viðbótarframlag til kirkjugarða og skipting þess**

Lagt fram til kynningar.

**4. Yfirlit um ársreikninga kirkjugarða vegna ársins 2014**

Lagt fram til kynningar. Kanna þarf hjá Guðmundi Þór Guðmundsson hver staðan er varðandi það að gera ársreikninga kirkjugarða rafræna. Framkvæmdastjóra Kirkjugarðaráðs var falið að skoða málið. Honum var jafnframt falið að gera próföstum viðvart um vanskil á ársreikningum kirkjugarða vegna ársins 2014.

**5. Kirkjugarðar Njarðvíkur – kvörtun**

Guðmundur Rafn kynnti og lagði fram tölvupóst frá 5. október 2015 frá Þóri Jónssyni. Ákveðið var að framsenda prófasti Kjalarnessprófastsdæmis erindið.

**6. Höfðakirkjugarður Grýtubakkahreppi – leyfi til grafartöku.**

Guðmundur Rafn kynnti. Ákveðið var að samþykkja erindið að því gefnu að Minjastofnun Íslands samþykki. Framkvæmdastjóra var falið að senda erindið til Minjastofnunar og tilkynna sóknarnefnd Laufáss- og Grenivíkursóknar um stöðu málsins.

**7. Endurnýjun á vinnubifreið**

Guðmundur Rafn gerði grein fyrir málinu. Samþykkt að endurskoða fjárhagsáætlun ársins 2015 með tilliti til endurnýjunar á bifreið Kirkjugarðasjóðs, að fengnu samþykki Ríkiskaupa.

**8. Næsti fundur/þema gestagangur (túrismi) í kirkjugörðum á Íslandi.**

Guðmundur Rafn kynnti. Ákveðið var að fá Sólveigu Ólafsdóttur og Heimir Janusarson til að koma á desemberfundinn og gera grein fyrir stöðu mála varðandi Hólavallakirkjugarð og túrisma í garðinum. Sá fundur verður 14. des. kl.15:00

## 9. Önnur mál

1. Ákveðið var að greiða fyrir fundasetu varamanna í Kirkjugarðaráði samkvæmt gjaldskrá þóknunarnefndar Kirkjunnar
2. Landsímalóðin í Reykjavík. Kristín Huld kynnti óskir um fyrirhugaðar fornleifarannsóknir frá framkvæmdaaðilum sem ætla að byggja hótél á lóðinni.
3. Smári lagði fram tillögu um að keyptur yrði dróni til að nýta við skráningu kirkjugarða. Var samþykkt að setja slík kaup inn á fjárhagsáætlun 2016

Fleira var ekki rætt og fundi slitið kl.15:40.

---

Ragnildur Benedíktsdóttir,  
formaður

---

Kristín Huld Sigurðardóttir,  
ritari